

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 31.8.18
Ábm. <i>[Signature]</i>	Svfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.



Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2018

22. ágúst 2018 kl. 15.30
Grand Hótel, Sigtún 38, Reykjavík

Dagskrá:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins á árinu 2017.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð hagnaðar.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutafjár.
10. Kjör stjórnar.
11. Kjör endurskoðanda.
12. Önnur mál.

Meðfylgjandi:

- Skýringar við dagskrárliði 7-11
- Skýrsla stjórnar um starfsemi Vottunarstofunnar Túns ehf. árið 2017
- Ársreikningur Vottunarstofunnar Túns eh. 2017

Skýringar við dagskrárliði 7-11

7. liður: Ákvörðun um meðferð hagnaðar/taps

Í ljósi niðurstöðu ársreiknings færast tap yfir á óráðstafað eigið fé.

8. liður: Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda

Tillaga um stjórnarlaun: *Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2018 samþykkir að fyrirkomulag bóknunar stjórnarmanna verði óbreytt og að ekki séu greidd sérstök laun fyrir stjórnarsetu í félaginu.*

Tillaga um laun endurskoðanda: *Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2018 samþykkir að fyrir endurskoðun verði greitt eins og verið hefur skv. reikningi endurskoðanda fyrir vinnu við endurskoðun.*

9. liður: Tillaga um endurnýjun heimildar til hlutfjárukningar

Tillaga um endurnýjun heimildar til hlutfjárukningar:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. haldinn 22. ágúst 2018 samþykkir að framlengja til 31. desember 2019 heimild til stjórnar, sem rennur út 31. desember 2018, til að auka hlutfé félagsins um allt að krónur 3.950.000 að nafnverði og að ákvarða gengi hlutanna. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hlutum. Stjórnin skal hafa heimild til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna þessarar heimildar sbr. 3. mgr. 30. gr. I. um einkahlutfélög nr. 138/1994.

10. liður: Kjör stjórnar – Aðalmenn og varamenn

Kjör aðalmanna

Fram kom einn listi til kjörs aðalmanna í stjórn til næsta árs:

- 1 Bjarni Ó. Halldórsson, kt. 230958-5139, Garðatorgi 2-b, 210 Garðabær
- 2 Gunnlaugur K. Jónsson, kt. 200856-0079, Kópavogsgarði 5-7, 200 Kópavogur
- 3 Stella Hrönn Jóhannsdóttir, kt. 090574-5239, Borgarheiði 31, 810 Hveragerði
- 4 Oddný Anna Björnsdóttir, kt. 160474-2979, Gautavík, 766 Djúpivogur
- 5 Heiðmar Guðmundsson, kt. 311086-3169, Mánatún 13, 105 Reykjavík

Kjör varamanna

Fram kom einn listi til kjörs varamanna í stjórn til næsta árs:

- 1 Sandra Brá Jóhannsdóttir, kt. 240179-2969, Breiðabólsstaður, 880 Kirkjubæjarklaustur
- 2 Ingi Þór Jónsson, kt. 041066-3349, Tröllhólar 4, 800 Selfoss
- 3 Þórarinn Sveinsson, kt. 100752-2609, Lyngbrekku 4, 200 Kópavogur
- 4 Guðfinnur Jakobsson, kt. 131243-7669, Skaftholt II, 801 Selfoss
- 5 Guðrún Þórarinsdóttir, kt. 141152-4249, Tunguvegi 7, 108 Reykjavík

11. liður: Kjör endurskoðanda

Tillaga um endurskoðanda félagsins:

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. leggur til að Tryggvi E. Geirsson löggiltur endurskoðandi verði endurkjörinn endurskoðandi félagsins.

Vottunarstofan Tún ehf.
Reykjavík

Kt. 511094-2249

Ársreikningur 2017

TEG endurskoðun ehf.
Grensásvegi 16
108 Reykjavík

Vottunarstofan Tún ehf.
Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Félagið er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið þess er að veita gæðþjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjávarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða. Aðsetur félagsins er að Þarabakka 3 í Reykjavík.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Vottunarstofunnar Tún ehf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Ársverk 2017 voru 3,6.

Tap af rekstri félagsins á árinu 2017 nam kr. 1.971.548. Stjórn félagsins vísar í ársreikninginn um breytingu á eigin fé félagsins og ráðstöfun taps.

Stjórn félagsins mun ekki gera tillögu um greiðslu arðs vegna ársins 2017 á aðalfundi 2018.

Fjöldi hluthafa í ársbyrjun voru 18 og sami fjöldi í árslok. Eftirtaldir hluthafar eiga yfir 10% hlutfjár:

Náttúrulækningafélag Íslands	29,63%
Samband sunnlenskra sveitarfélaga	14,49%
Olíuverslun Íslands hf	14,49%

Stjórn og framkvæmdastjóri Vottunarstofunnar Tún ehf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 11. júní 2018

Stjórn félagsins

Bjarni D. Halldórsson
Hildur Guðmundsdóttir
Guðrún
Ásgerður E. Guðjónsdóttir
Gyðnis Þórnisdóttir

Framkvæmdastjóri

Ólafur Á. Ólafsson

TEG endurskoðun ehf.
Grensásvegi 16, Reykjavík

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Vottunarstofunnar Tún ehf.

Vinna endurskoðandans

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið Vottunarstofuna Tún ehf vegna ársins 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma auk skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Vottunarstofuna Tún ehf. við að leggja fram ársreikning, sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild, en við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum


Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þeim ber einnig að sjá til þess að viðeigandi eftirlit sé til staðar þar sem það á við og að ársreikningurinn sé í meginatriðum byggður á viðeigandi reglum ársreikningskafla bókhaldslaga og án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Álit endurskoðanda

Það er álit okkar að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga og viðurkenndar reikningsskilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram. Ekkert kom fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2017 og efnahag þess 31. desember 2017.

Reykjavík, 11. júní 2018

TEG endurskoðun ehf



Tryggvi E. Geirsson
Löggiltur endurskoðandi

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2017

		2017	2016
	<i>Skýr.</i>		
Rekstrartekjur			
Sala	4	68.463.063	76.987.669
Endurgreiddur útlagður kostnaður		1.651.499	2.823.607
		<u>70.114.562</u>	<u>79.811.276</u>
Rekstrargjöld			
Laun og tengd gjöld	5	38.365.382	30.142.129
Annar kostnaður	6	34.000.798	42.918.648
		<u>72.366.180</u>	<u>73.060.777</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án afskrifta og vaxta		(2.251.618)	6.750.499
Afskriftir		(105.193)	(161.835)
Rekstrarhagnaður (tap) án vaxta		<u>(2.356.811)</u>	<u>6.588.664</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		398.786	197.352
Vaxtagjöld og gengismunur		(13.523)	(77.856)
		<u>385.263</u>	<u>119.496</u>
Hagnaður (tap) fyrir skatta		(1.971.548)	6.708.160
Tekjuskattur	3	0	(1.346.125)
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		<u>(1.971.548)</u>	<u>5.362.035</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESMBER 2017

	2017	2016
<i>Skýr.</i>		
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Skrifstofuáhöld og tæki	195.359	300.552
	195.359	300.552
<i>Veltufjármunir</i>		
Viðskiptakröfur	15.132.978	6.008.160
Aðrar skammtímakröfur	748.779	184.675
Bankainnstæður	12.301	16.065.294
	15.894.058	22.258.129
<i>Eignir samtals</i>	16.089.417	22.558.681
<i>Eigið fé og skuldir</i>		
<i>Eigið fé</i>		
Hlutfé	9.522.750	9.522.750
Yfirverðsreikningur hlutfjár	1.232.250	1.232.250
Niðurfærsla viðskiptakrafna	756.649	300.408
Óráðstafað eigið fé	(3.211.319)	(783.530)
	8.300.330	10.271.878
<i>Skammtímaskuldir</i>		
Ógreidd laun og starfsmannagiöld	3.105.218	2.742.795
Viðskiptaskuldir	273.334	3.405.887
Ógreiddur virðisaukaskattur	4.369.736	4.791.996
Reikningslán	40.799	0
Reiknaðir skattar ársins	0	1.346.125
	7.789.087	12.286.803
<i>Eigið fé og skuldir samtals</i>	16.089.417	22.558.681

SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2017

	<u>2017</u>	<u>2016</u>
Rekstrarhreyfingar		
Afkoma tímabilsins	(1.971.548)	5.362.035
Afskriftir	105.193	161.835
<i>Veltufé frá rekstri (til rekstrar)</i>	(1.866.355)	5.523.870
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur	(9.688.922)	(714.843)
Skammtímaskuldir	(4.497.716)	7.011.420
<i>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</i>	(16.052.993)	11.820.447
Fjárfestingahreyfingar		
Keypt áhöld og tæki	0	(462.387)
	0	(462.387)
Breyting á handbæru fé á árinu	(16.052.993)	11.358.060
Handbært fé í ársbyrjun	16.065.294	4.707.234
Handbært fé í úrslok	<u>12.301</u>	<u>16.065.294</u>

SKÝRINGAR

Starfsemi

Vottunarstofan Tún er einkahlutafélag og starfar á grundvelli laga 138/1994 um einkahlutafélög.

Vottunarstofan Tún ehf. er faggild eftirlits- og vottunarstofa fyrir lífræna og sjálfbæra framleiðslu. Markmið Túns er að veita gæðþjónustu til framleiðenda í landbúnaði, sjárvarútvegi og vinnslu náttúrulegra afurða.

Tún er þróunarfélag í þágu almannahagsmuna og vinnur að nýsköpun matvælaframleiðslu og náttúrunytja í samræmi við alþjóðlega staðla um tillitsemi við lífríki og náttúru. Siðfræði sjálfbærrar þróunar og heilbrigðis allrar lífkeðjunnar eru megin leiðarljós í þjónustu Túns.

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og gildandi reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Stofnkostnaður vegna uppbyggingar vottunarkerfis félagsins hefur ætíð verið gjaldfærður að fullu þau ár sem hann hefur fallið til. Ástæður þess eru annars vegar, að erfitt hefur verið að skilgreina kostnaðinn og hins vegar varkárnisregla um eignfærslu hans.

1. Ábyrgðir

Engar ábyrgðir eru vegna þriðja aðila og enginn í ábyrgð vegna skuldbindinga félagsins.

2. Eigið fé

	<u>Niðurfærsla viðskiptakrafna</u>	<u>Hlutfé</u>	<u>Yfirverðsreikn. hlutafjár</u>	<u>Óráðstafað eigið fé</u>
Eigið fé 1. janúar 2017	300.408	9.522.750	1.232.250	(783.530)
Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna	456.241			(456.241)
Tap ársins				(1.971.548)
Eigið fé 31. desember 2017	<u>756.649</u>	<u>9.522.750</u>	<u>1.232.250</u>	<u>(3.211.319)</u>

Aðalfundur félagsins 2016 samþykkti heimild til stjórnar félagsins að hækka hlutfé um allt að kr. 3.950.000.- að nafnverði og ákvarða gengi hluta. Heimild þessi gildi til 31.12. 2017. Ekkert var selt vegna þessarar heimildar á árinu 2017.

Heildarhlutfé félagsins er kr. 10.355.000.-, en þar af á félagið sjálft kr. 832.250.- að nafnverði og er það fært til lækkunar á hlutfé félagsins.

Mismunur á söluverði og nafnverði hlutafjár og einnig mismunur á kaupverði og nafnverði eigin bréfa voru færð á yfirverðsreikning hlutafjár á árinu 2009.

3. Skattamál

Félagið greiðir ekki tekjuskatt vegna taprekstrar 2017. Yfirfæranlegt tap til næsta árs er 2,4 millj. kr.

Sundurliðanir

	2017	2016
4. Sala		
Seld vottun	68.365.763	76.912.259
Seldar reglur ofl.	97.300	75.410
	<u>68.463.063</u>	<u>76.987.669</u>

5. Laun og tengd gjöld

Vinnulaun	31.801.876	25.080.569
Tryggingagjald	2.444.907	1.970.110
Lífeyrissjóðsgjöld	3.329.046	2.341.577
Sjúkra- og orlofsjóðsgjöld	196.423	126.558
Bifreiðarstyrkur	561.120	428.480
Annar starfsmannakostnaður	32.010	194.835
	<u>38.365.382</u>	<u>30.142.129</u>
Ársverk.....	<u>3,6</u>	<u>3,5</u>

Laun framkvæmdastjóra árið 2017 voru 10,9 millj. króna. Engin stjórnarlaun voru greidd 2017.

6. Annar kostnaður

Vottunarstörf og önnur aðkeypt þjónusta v. lífrænna verkefna	17.628.329	27.348.160
Önnur aðkeypt sérfræðiþjónusta	1.416.515	205.844
Fagging ASI - Einkaleyfastofan	2.336.094	2.361.074
Ferðakostnaður	5.395.908	5.527.128
Funda- og ráðstefnukostnaður	549.823	776.387
Húsnæðiskostnaður	2.229.941	2.115.015
Ritföng, prentun og pappír	266.219	284.043
Sími	340.122	350.640
Internet og tölvuþjónusta	806.179	825.102
Burðargjöld og bankaþjónusta	211.166	237.264
Fagrit, bækur og blöð	59.244	68.551
Félagsgjöld	74.164	2.500
Auglýsingar, kynningar og útgáfa	211.567	396.944
Kaffikostnaður	164.157	106.172
Bókhald og reikningsskil	801.300	605.400
Lögfræðikostnaður	309.700	0
Styrkur v. IFOAM verkefnis	340.000	0
Námskeiðskostnaður - þjálfun	21.820	150.000
Áhöld, tæki - viðhald áhalda	351.526	893.254
Hugbúnaður	142.858	138.939
Vátryggingar	196.545	59.269
Prentun reglna og vottunarmiða	122.700	208.900
Afskrifaðar viðskiptakröfur	0	233.870
Annar kostnaður	24.921	24.192
	<u>34.000.798</u>	<u>42.918.648</u>



2018-08-24

024

Til hluthafa og stjórnar Vottunarstofunnar Túns ehf.

Meðfylgjandi er fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns ehf. sem haldinn var 22. ágúst s.l.

Til þeirra sem ekki sóttu aðalfund eru einnig send fundargögn.

Bestu kveðjur,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gunnar Á Gunnarsson'.

Gunnar Á Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. 2018

haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík kl. 15.30 miðvikudaginn 22. ágúst 2018

Fundargerð:

Dagskrá fundarins var þannig:

1. Setning.
2. Kjör fundarstjóra.
3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi.
4. Kjör fundarritara.
5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi félagsins á árinu 2017.
6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 kynntur og lagður fram til samþykktar.
7. Ákvörðun um meðferð taps.
8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.
9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutafjár.
10. Kjör stjórnar.
11. Kjör endurskoðanda.
12. Önnur mál.

1. Setning

Bjarni Ó. Halldórsson formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna til aðalfundar félagsins. Hann minntist í upphafi máls síns tveggja látinna féлага, þeirra Steingríms Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, sem var um árabíl lögfræðilegur ráðunautur félagsins, og Jóhannesar Gunnarssonar fv. formanns Neytendasamtakanna, sem um rúmlega tveggja áratuga skeið sat í stjórn Túns. Fundarmenn heiðruðu minningu þeirra með því að rísa úr sætum.

2. Kjör fundarstjóra

Bjarni Ó. Halldórsson gerði tillögu um Kristján B. Thorlacius sem fundarstjóra og var hann sjálfkjörinn. Tók hann við stjórn fundar og þakkaði fundarmönnum traustið.

3. Könnun á mætingu hluthafa og umboðsmanna þeirra á fundi

Fundarstjóri kannaði mætingu og kom í ljós að mættir voru fulltrúar fyrir 12 hluthafa með 79,68% hlutafjareign.

Þá voru mættir til fundarins auk formanns Tryggvi E. Geirsson löggiltur endurskoðandi, Heiðmar Guðmundsson og framkvæmdastjóri þess Gunnar Á. Gunnarsson.

Til fundarins var boðað með bréfi til hluthafa þann 11. ágúst 2017 og var það því gert með nægjanlegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 63. gr. ehfl. og ákvæði samþykktu félagsins.

Fundarstjóri úrskurðaði fundinn lögmetan og ályktunarbæran varðandi dagskrármálin og voru ekki gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarmanna. Engar tillögur bárust til fundarins innan setts frests, aðrar en þær sem tilgreindar voru í fundarboði.

Í upphafi 9. dagskrárliðar bættist fulltrúi 13. hluthafans í hópinn og voru þá mættir fulltrúar fyrir 90,18% hlutfjáreignar.

4. Kjör fundarritara

Fundarstjóri gerði tillögu um Gunnar Á. Gunnarsson sem fundarritara, var hann sjálfkjörinn og tók þegar til starfa.

Fundarstjóri lagði til að fjallað yrði um lið 5 skýrslu stjórnar og lið 6 ársreikninga félagsins í einu lagi og var það samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi liðins árs

Gunnar Á. Gunnarsson framkvæmdastjóri Túns flutti skýrslu stjórnar um starfsemi liðins árs, en henni var dreift skriflega til fulltrúa. Meginverkefni Túns voru sem fyrr eftirlit, matsstörf og vottun framleiðslu á grundvelli staðla, laga og reglugerða, en auk þess er innra gæðastarf veigamikill þáttur í rekstri félagsins. Þá var einnig rakið samstarf Túns við innlenda og erlenda aðila á þeim sviðum vottunar sem félagið annast.

6. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 kynntur og lagður fram til samþykktar

Bjarni Ó. Halldórsson formaður stjórnar Túns kynnti ársreikning félagsins, en honum hafði verið dreift skriflega til fulltrúa. Hann útskýrði helstu niðurstöður ársreikningsins. Rekstrartekjur, ársins voru kr. 70.114.562 sem er lækkun um tæpar 9,7 milljónir fyrra ári. Skýrist sú lækkun einkum af því að ný verk á sviði vottunar fiskistofna voru mun færri en árið áður. Rekstrargjöld námu kr. 72.366.180 sem lækkun um tæpar 700 þúsund krónur. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og -gjalda var tap félagsins kr. 1.971.548. Veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum námu kr. 8.300.330 í lok árs. Viðskiptakröfur innheimtust að mestu leyti á fyrstu vikum þessa árs. Lausafjárstaða félagsins þrengdist, en handbært fé í árslok nam kr. 12.301.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins

Að lokinni kynningu Bjarna gaf fundarstjóri fundarmönnum tækifæri á að koma með spurningar og athugasemdir varðandi skýrslu stjórnar og ársreikninginn. Spurt var um orsakir þess að gjöld hafi ekki lækkað til samræmis við lækkun tekna og svaraði formaður því til að laun almennra starfsmanna Túns hafi verið hækkuð talsvert til aukins samræmis við það sem almennt er talið boðlegt og til samræmis við launavísitölubreytingar.

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2017 var því næst borinn upp og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um meðferð taps.

Fundarstjóri benti á að samkvæmt ný samþykktum ársreikningi væri tap á starfsemi félagsins á liðnu ári sem þar af leiðandi færist yfir á óráðstafað eigið fé.

8. Ákvörðun um stjórnarlaun og laun endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um laun stjórnarmanna og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2018 samþykkir að fyrirkomulag þóknunar stjórnarmanna verði óbreytt og að ekki séu greidd sérstök laun fyrir stjórnarsetu í félaginu.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um laun endurskoðanda og var hún svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns 2018 samþykkir að fyrir endurskoðun verði greitt eins og verið hefur skv. reikningi endurskoðanda fyrir vinnu við endurskoðun.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um þessa tillögu. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Tillaga stjórnar um endurnýjun heimildar til aukningar hlutafjár.

Fundarstjóri las upp og gerði grein fyrir tillögu stjórnar sem er svohljóðandi:

Aðalfundur Vottunarstofunnar Túns ehf. haldinn 22. ágúst 2018 samþykkir að framlengja til 31. desember 2019 heimild til stjórnar, sem rennur út 31. desember 2018, til að auka hlutafé félagsins um allt að krónur 3.950.000 að nafnverði og að ákvarða gengi hlutanna. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hlutum. Stjórnin skal hafa heimild til að samþykkja nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins vegna þessarar heimildar sbr. 3. mgr. 30. gr. I. um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Fundarstjóri benti á að hér væri um að ræða tillögu um framhald heimildar sem verið hefði í samþykktum um nokkurra ára skeið.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi tillaga um lista aðalmanna í stjórn: Bjarni Óskar Halldórsson, Gunnlaugur K. Jónsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Oddný Anna Björnsdóttir og Heiðmar Guðmundsson. Þar sem ekki hefði borist önnur tillaga um skipan aðalstjórnar teldust ofangreindir menn sjálfkjörnir.

Þá greindi fundarstjóri frá því að fyrir fundinum lægi tillaga um lista varamanna í stjórn: Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ingi Þór Jónsson, Þórarinn Sveinsson, Guðfinnur Jakobsson og Guðrún Þórarinsdóttir. Þar sem ekki hefði borist önnur tillaga um skipan varastjórnar teldust ofangreindir menn sjálfkjörnir.

11. Kjör endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fyrir fundinum lægi svo hljóðandi tillaga:

Stjórn Vottunarstofunnar Túns ehf. leggur til að Tryggvi E. Geirsson löggiltur endurskoðandi verði endurkjörinn endurskoðandi félagsins.

KESTUR
BÁR

Fundarstjóri gaf fundarmönnum tækifæri til að taka til máls um kosningu endurskoðanda. Enginn kvaddi sér hljóðs og var því gengið til atkvæða um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Önnur mál

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að nú væri komið að síðasta dagskrárlið í formlegri dagskrá fundarins, önnur mál. Hann gaf fundarmönnum tækifæri til að tjá sig um önnur mál.

Guðfinnur Jakobsson kvaddi sér hljóðs og greindi frá því að VOR – Verndun og ræktun, félag framleiðenda í lífrænum búskap, hafi náð samkomulagi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um 32 milljóna króna styrk til lífrænnar framleiðslu, kynningar- og markaðsstarfs á því sviði til næstu fjögurra ára. Meðal þess sem félagið hyggst nýta fjármagnið til er þátttaka í landbúnaðarsýningu í Reykjavík á komandi hausti og styrkir til niðurgreiðslu vottunarkostnaðar.


Aðrir óskuðu ekki eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóri lagði til að honum og fundarritara verði falið að ganga frá fundargerð og senda hana út til hluthafa og stjórnar, og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því þá að dagskrá fundarins væri tæmd og lögformlegum hluta hans lokið en gaf nýkjörnum formanni félagsins, Bjarna Óskari Halldórssyni, orðið.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir mætingu, þakkaði fundarstjóra fundarstjórn og sleit fundi um kl. 16.15.

Þannig fram farið 22. ágúst 2018.



Kristján B. Thorlacius
fundarstjóri



Gunnar Á. Gunnarsson
fundarritari